

## BORGARSTJÓRN

Ár 2018, þriðjudaginn 30. janúar, var haldinn opinn fundur Borgarstjórnar Reykjavíkur og fjölmeningarráðs Reykjavíkur undir yfirskriftinni: Skipti ég máli? Kemur mér þetta við? Kosningabátttaka innflytjenda. Fundurinn var haldinn í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og hófst kl. 14.07. Voru þá komnir til fundar, auk borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Líf Magneudóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hjálmar Sveinsson, Sigurður Björn Blöndal, Skúli Helgason, Sabine Leskopf, Halldór Auðar Svansson, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, Halldór Halldórsson, Kjartan Magnússon, Aslaug María Friðriksdóttir og Marta Guðjónsdóttir; ásamt fulltrúum í fjölmeningarráði: Tomasz Chrapek, Herianty Novita Seiler og Maciej Tadeusz Chmielewski. Einnig tóku sæti á fundinum eftirtaldir gestir: Guðrún Magnúsdóttir, Joanna Marcinkowska og Paweł Bartoszek. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

### Þetta gerðist:

1. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setur fundinn og heldur ávarp um yfirskrift fundarins: Kosningabátttaka innflytjenda.
2. Guðrún Magnúsdóttir, MA í hnattrænum tengslum, heldur erindi um borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 2014, innsýn í reynslu fólks af erlendum uppruna af þeim.
3. Joanna Marcinkowska, sérfræðingur á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, heldur erindi um niðurstöður starfshóps um leiðir til að auka kosningabátttöku í borgarstjórnarkosningunum 2018.
4. Paweł Bartoszek, fyrrverandi alþingismaður og varabingamaður, heldur erindi um innflytjendur: Pólitík, löggjöf og áhrif.
5. Fram fara umræður borgarfulltrúa og spurningar fundargesta. Til máls taka eftirtaldir borgarfulltrúar: Sabine Leskopf, Sigurður Björn Blöndal, Skúli Helgason, Heiða Björg Hilmisdóttir, Halldór Auðar Svansson, Kjartan Magnússon, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir auk þess sem Kristján Gunnarsson og María Sastre, gestir á fundinum, tóku til máls.
6. Tomasz Chrapek, formaður fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar, dregur saman umræður.
7. Borgarstjórn og fjölmeningarráð leggja fram svohljóðandi sameiginlega bókun:

Skýrsla starfshóps um leiðir til að auka kosningabátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018 leiðir í ljós að þó að innflytjendum á kjörskrá hafi fjölgað á undanförunum árum þá hafi kosningabátttaka þeirra dregist verulega saman. Samkvæmt skýrslunni felst stærsta hindrunin á vegi bátttöku þeirra í skorti á skýrum, einföldum og aðgengilegum upplýsingum um allt er varðar kosningar. Margir vita til að mynda ekki einu sinni af því að þeir hafa kosningarétt. Í skýrslunni eru lagðar fram ýmsar tillögur til að bæta úr upplýsingagjöfinni. Fjölmeningarráð óskar einnig eftir því að Borgarstjórn Reykjavíkur hvetji hverfisráðin til að koma með áætlun fyrir hvert og eitt hverfi um hvernig þau geti náð til Reykvíkinga af erlendum uppruna, upplýsa þá um kosningarétt sinn og málefni hverfisins.

### Fundi slitið kl. 15.46

Forseti borgarstjórnar og formaður fjölmeningarráðs gengu frá fundargerðinni.

Líf Magneudóttir      Tomasz Chrapek